

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2015/1106****2015/EES/74/52****frá 8. júlí 2015****um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012 að því er
varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir virka efninu ísópýrasami (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE (¹), einkum öðrum valkosti í 3. mgr. 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Ísópýrasam var samþykkt sem virkt efni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012(²), í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1107/2009, að því tilskildu að umsækjandinn um samþykki, Syngenta Crop Protection AG (hér á eftir nefndur umsækjandinn), leggi fram upplýsingar til staðfestingar að því er varðar mikilvægi umbrotsefnanna CSCD 459488 og CSCD 459489 fyrir grunnvatn og skrái í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (³). Leggja átti staðfestingurupplýsingarnar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) eigi síðar en 31. mars 2015.
- 2) Umsækjandinn upplýsti framkvæmdastjórnina um það í febrúar 2014 að ekki væri búist við að allar staðfestingurupplýsingarnar sem krafist var yrðu til reiðu innan frestsins sem gefinn var í framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012. Umsækjandinn hélt því fram að þessi töf stafaði af því að nauðsynlegt væri að þróa viðeigandi aðferðarlýsingar fyrir prófanir og lagði fram vinnuáætlun vegna söfnunar á þeim upplýsingum.
- 3) Bretland, sem skýrslugjafaraðildarríki vegna ísópýrasams, lagði mat á upplýsingarnar sem umsækjandinn lagði fram og upplýsti framkvæmdastjórnina um það í september 2014 að það teldi að beiðni umsækjandans um að framlengja frestinn til framlagningar á upplýsingum til staðfestingar væri rökstudd og að vinnuáætlunin, sem umsækjandinn lagði fram, væri raunhæf og viðeigandi.
- 4) Því virðist rétt að taka þessa beiðni til greina til að gera umsækjandanum kleift að safna nauðsynlegum gögnum innan hæfilegrar tímaáætlunar.
- 5) Hinn 30. mars 2015 lagði umsækjandinn fram samantektarskjal yfir þær upplýsingar sem safnað hafði verið fram að því og lagði fram endanlega vinnuáætlun vegna söfnunar á útstandandi upplýsingum.
- 6) Því er rétt að breyta samþykkinu fyrir ísópýrasami og framlengja frestinn vegna framlagningar á upplýsingum til staðfestingar til 31. júlí 2017.
- 7) Því ætti að breyta framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 540/2011 og (ESB) nr. 1037/2012 til samræmis við það.
- 8) Í ljósi þess að frestur til framlagningar á staðfestingurupplýsingum í tengslum við ísópýrasam er þegar liðinn ætti þessi reglugerð að öðlast gildi daginn eftir að hún er birt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 181, 9.7.2015, bls. 70. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 264/2015 frá 30. október 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

(¹) Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(²) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1037/2012 frá 7. nóvember 2012 um samþykki fyrir virka efninu ísópýrasami, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað, og um breytingu á viðaukanum við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 (Stjtið. ESB L 308, 8.11.2012, bls. 15).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 að því er varðar skrána yfir samþykkt, virk efni (Stjtið. ESB L 153, 11.6.2011, bls. 1).

- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Í stað síðustu málsgreinarinnar í dálkinum „Sértæk ákvæði“ í 27. línu, isópýrasam, í B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011, komi eftirfarandi:

„Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. júlí 2017.“

2. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012

Í stað síðustu málsgreinarinnar í dálkinum „Sértæk ákvæði“ í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1037/2012, komi eftirfarandi:

„Umsækjandinn skal leggja þessar upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Matvælaöryggisstofnunina eigi síðar en 31. júlí 2017.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. júlí 2015.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
